

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpsamlag Þingeyinga-brennsla Víðimóum 3, Húsavík



Dags eftirlits	6.5.2014	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Sorpsamlag Þingeyinga-brennsla	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Víðimóum 3	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	7110012470	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hafsteinn Gunnarsson	ÍSAT nr.	38.22.0, 38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	574850,759 614909,661

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin brennsla fer fram í stöðinni og óljóst um framhaldið. Meðhöndlun spilliefna og raf- og rafeindatækjaúrgangs er í samræmi við ákvæði starfsleyfis. Umgengni í móttökustöð er góð að mestu en talsvert hefur safnast upp af brotajárni á baklóð sem til stendur að fjarlægja sem fyrst. Grænt bókhald hefur ekki borist og þá liggur áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar ekki fyrir eins og skilyrt er í starfsleyfi.

Nú sér fyrir endan á geymslu flugösku í móttökustöðinni en til stendur að flytja hana til meðhöndlunar í Noregi í samvinnu við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja. Frávik varðandi meðhöndlun botnösku er nú fylgt eftir í tengslum við eftirlit á urðunarstað Sorpsamlagsins í Laugardal.

## UMFANG EFTIRLITS

Haldin var fundur með rekstraraðila. Rætt var um stöðu brennslunar og hugsanleg framtíðaráform sem ekki eru ljós. Rætt var um meðhöndlun og flokkun spilliefna og raftækja sem berast til móttökustöðvarinnar. Lítil flokkun fer fram í stöðinni en spilliefni og raftækjaúrgangur er settur í flutningskör og fara til frekari flokkunar hjá endurvinnsluaðila með spilliefnaleyfi. Kvittanir vegna spilliefnamóttöku eru gefnar út ef óskað er eftir því.

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis er varða stöðvun rekstrar, flokkun og móttöku úrgangs, skráningar og innra eftirlit og skýrslugjöf til Umhverfisstofnunar.

Þá var rætt um síðustu eftirlitsskýrslu og úrbætur sem hafa orðið í flugöskumálum. Að lokum var rætt um hvatningarkerfi sem Umhverfisstofnun hyggst koma á í tengslum við eftirlit.

Gengið var um móttökustöð og skoðuð meðhöndlun og geymsla spilliefna og raftækja, sem og brotajárns sem er nú í óvenju miklu magni á baklóð.

### Frávik frá

Ákvæði 3.4 í starfsleyfi um færslu græns bókhalds og skilum til Umhverfisstofnunar

### Lýsing á fráviki

Ekkert grænt bókhald hefur borist fyrir árið 2013

Ákvæði 1.6 í starfsleyfi um stöðvun rekstrar

Enn hefur ekki borist fullnægjandi áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar. Athugasemd var gerð við þetta í skýrslu frá 26. mars 2013. Unnið er skv. samþykkttri neyðaráætlun.

## ANNAÐ

Rekstraraðili staðfesti að símælingar fyrir árið 2013 frá brennslustöðinni sem ekki hafa borist, eru glataðar vegna bilunar í tölvu sem geymdi þær. Ekki er hægt að ná þessum gögnum vegna þessa.

Á fundi um málefni staðarins var viðstaddur Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi.

Reykjavík, 13.06.2014

Sigríður Kristjánsdóttir

**2 Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.